



Útvistunarstefna upplýsingatæknimála

Það er stefna Fjarðabyggðar að útvista rekstri, hýsingu og þjónustu á upplýsingakerfum og upplýsingatækni til hæfra aðila sé það metið hagkvæmari kostur en að sveitarfélagið annist það sjálft.

Ef ákvörðun um útvistun tiltekins verkefnis eða kerfis er tekin, eða ákveðið er að gera breytingar á útvistun sem þegar er til staðar, skulu slíkar ákvarðanir lagðar fyrir bæjarráð til staðfestingar.

Eftirtaldar kröfur eru gerðar til útvistunaraðila:

- Miða skal við að aðilinn sé vottaður samkvæmt ÍST 27001:2013 eða öðrum sambærilegum staðli. Verkaupi skal sannreyna vottun og umfang vottunar hjá aðilanum.
- Aðilinn (verksali) skal fyrir hönd starfsmanna sinna staðfesta trúnaðar- og þagnarskyldu vegna þátta er þeir kunna að sjá eða verða áskynja um við vinnu sína fyrir verkkaupa.
- Að orðspor hýsingaraðila vegna verkefna af þessum toga sé gott.
- Að aðilinn hafi sett upp virkt gæðakerfi og starfi samkvæmt því. Til staðar séu ferlar þar sem tekið er á vandamálum sem upp kunna að koma og tryggt að þau séu leyst innan eðlilegs tímaramma og á ásættanlegan hátt. Þannig séu gæði rekstursins a.m.k. jafn mikil og ef verkinu hafi ekki verið útvistað.
- Að aðilinn starfi samkvæmt skriflegum ferlum í öllum þáttum hýsingar, þ.m.t. afritun, úrvinnslu þjónustubeiðna, eftirliti með stöðu vélbúnaðar sem hugbúnaðar.
- Að aðilinn sé með öryggiskerfi vegna reksturs upplýsingakerfa og búnaðar. Til staðar sé öryggisstefna, áhættumat og neyðaráætlun sem nái til þátta er lúta að rekstri kerfa verkkaupa.

Samningur um útvistun:

Gera skal samning við útvistunaraðila og tryggt skal að í samningi séu neðangreindir þættir til staðar

- Almennt sé samningurinn um útvistun útfærður þannig að verkefnið samræmist lögum, reglum og öllum öðrum viðmiðunum sem sveitarfélagið hefur sett sér og mótað með öryggisstefnu sinni.
- Ítarleg lýsing á verkefni útvistunaraðila (verksala) skal vera til staðar. Skilgreina skal skyldur verksala og hvernig hann framkvæmir verkefni sín og uppfyllir samningsskyldur.
- Skyldur (s.s. eftirlit og samskipti) Fjarðabyggðar (verkkaupa) skulu tilgreindar
- Möguleikar verkkaupa og/eða eftirlitsaðila til eftirlits séu ekki takmarkaðir á nokkurn hátt og slíkt sé tryggilega tekið fram í samningi.
- Að tilgreindur sé ábyrgðaraðili bæði hjá verkkaupa og verksala og hvernig samskiptum þeirra sé háttað
- Útvistarkeðja sé helst ekki til staðar. Sé slík keðja til staðar, þá séu hún skilgreind. Hámarkslengd slíkar keðju sé 2. Útvistunin sé innan EES skv. leiðbeiningum FME, keðjuaðilinn sé vottaður og að a.m.k. jafnfær og verksali í því verkefni sem um ræðir og tryggt sé að allt eftirlit með keðjunni sé til staðar á sama máta og ef ekki væri um keðjuútvistun til staðar.
- Eftirlit með breytingum á skipulagi verksala eða stöðu hans sé til staðar.
- Skilgreindir séu gæðamælikvarðar vegna verkþátta sem verksala er falið að leysa, eftir því sem það er unnt.



- Samskipti vegna verkefnisins séu til staðar, reglulegir samráðsfundir séu haldnir, þeir séu bókaðir og farið sé yfir gátlista verkkaupa hvað þessi verkefni varðar, á slíkum fundum.
- Áætlun vegna mögulegra vanefnda sé til staðar.
- Umfjöllun um þætti s.s. úrlausn ágreinings, uppsögn og uppsagnarfrestir, trúnaður og þagnarskylda sé til staðar.

Eftir að útvistunarsamningur hefur verið gerður:

- Aðilar fundi reglulega og fari yfir stöðu verkefna í samræmi við gátlista Fjarðabyggðar
- Eftirlit sé haft með afritun og stöðu afrita, veiruvörnum og spillihugbúnaðarvörnum sem og öðrum öryggisþáttum er lúta að rekstri.
- Niðurstöður funda séu skjalaðar.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018

Gunnar Jónsson
Gunnar Jónsson
bæjarritari

Samþykkt í bæjarráði 5. mars 2018.

Samþykkt í bæjarstjórn 22. mars 2018.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.